

Reykjavík, 25. nóvember 2005

FS/öþþ


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipulagða leit að krabbameini í ristli (mál 13 á 132. löggjafarþingi)

Læknaráð LSH þakkar fyrir að vera beðið um umsögn um þingsályktunartillögu nr. 13 um skipulagða leit að ristilkrabbameini.

Eins og fram kemur í greinargerð skipaði Sigurður Guðmundsson landlæknir starfshóp sem fékk það hlutverk að gera tillögur að leiðbeiningum um skimun fyrir ristilkrabbameini á Íslandi. Starfshópurinn skilaði álitu í desember 2001 þar sem meðal annars var ráðlögð skimun hjá einstaklingum 50 ára og eldri. Var þessi niðurstaða starfshópsins studd gildum rökum. Þótt þessar ráðleggingar hafi verið aðgengilegar á vef Landlæknisembættisins sem klínískar leiðbeiningar hefur slík skimun því miður almennt ekki verið hafin hér á landi. Stjórn læknaráðs lýsir yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna þar sem gert er ráð fyrir því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni verði falið að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbamein í ristli og endaparmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2006. Stjórn læknaráðs fagnar því einnig að fulltrúar allra stjórnsmálaflokkanna standi að þessari þingsályktunartillögu.

f.h. læknaráðs LSH



Friðbjörn Sigurðsson
formaður

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA – HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS

Skrifstofa læknaráðs Landspítala – háskólasjúkrahúss • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is